



Nefndasvið Alþingis  
Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10, 150 Reykjavík

Gunnarsholti, 21. apríl 2017

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um skipun starfshóps til að endurbæta löggjöf um vernd, velferð og veiðar villtra fugla og spendýra, 87. mál.**

Með rafbréfi, dags 7. apríl 2017, óskaði Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis eftir athugasemdum Landgræðslu ríkisins vegna tillögu til þingsályktunar um skipun starfshóps til að endurbæta löggjöf um vernd, velferð og veiðar villtra fugla og spendýra.

Landgræðsla ríkisins starfar eftir lögum um landgræðslu nr. 17/1965. Samkvæmt lögunum fer Landgræðsla ríkisins með víðtækt hlutverk á sviði jarðvegsverndar og er umsögn stofnunarinnar skrifuð í ljósi þessa tilgangs laganna.

**I.**

Efnislegt innihald ofangreindrar þingsályktunartillögu sýnist að mestu utan verksviðs Landgræðslu ríkisins. Þó eru ákveðnir þættir, sem tengdir eru núgildandi löggjöf um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994, sem einnig tengjast gróðurvernd og mun stofnunin eflaust koma athugasemdum sínum á framfæri hvað þau atriði varðar þegar og ef heildarendurskoðun löggjafar um þetta málefni verður að veruleika. Sem dæmi um atriði á þessu sviði sem kann að skarast er undanþáguheimild í reglugerð um takmarkanir á umferð í náttúru Íslands (sjá reglugerð nr. 497/2007 um breytingu á reglugerð nr. 528/2005) sem fjallar um heimild leiðsögumanna með hreindýraveiðum að sækja fellda bráð á léttum vélknúnum ökutækjum með a.m.k. sex hjólum.

Virðingarfyllst,  
f.h. Landgræðslu ríkisins

Birkir Snær Fannarsson